




## Stækkun á grjótnámu á Syðra-Langholti (E31)

Óveruleg breyting á Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032

07.05.2025



Hrunamannahreppur

## Efnisyfirlit

|                                                   |   |
|---------------------------------------------------|---|
| Stækkun á grjótnámu á Syðra-Langholti (E31) ..... | 1 |
| 1 Óveruleg breyting á aðalskipulagi .....         | 1 |
| 2 Áform um efnistöku.....                         | 1 |
| 2.1 Vinnsla og frágangur .....                    | 1 |
| 3 Staðsetning og staðhættir .....                 | 2 |
| 4 Breyting á greinargerð.....                     | 4 |
| 5 Stefna og áætlanir.....                         | 4 |
| 6 Umhverfisskýrsla .....                          | 5 |
| 7 Málsmeðferð og rökstuðningur .....              | 7 |
| 8 Áritun .....                                    | 8 |

## 1 Óveruleg breyting á aðalskipulagi

Breyting á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 felst í því að skilmálum efnistökusvæðis E31 er breytt í greinargerð.

Aðalmarkmið með uppfærslu skilmála fyrir viðkomandi efnistökusvæði í aðalskipulagi Hrunamannahrepps er að mæta aukinni eftirspurn eftir efni vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Búðafossveg og verkefna tengdum Hvammsvirkjun. Þær framkvæmdir fela meðal annars í sér lagningu nýs vegar og brúar yfir Þjórsá, auk rofvarna í tengslum við brúargerðina. Landsvirkjun hefur óskað eftir notkun á efni námunnar.

Breyting á Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016–2032 felur í sér efnistöku sem fellur undir flokk B í 1. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 2.02. Af þeirri ástæðu bar framkvæmdaraðila að tilkynna Skipulagsstofnun um fyrirhugaða framkvæmd, og stofnuninni var skylt að taka afstöðu til þess hvort framkvæmdin skyldi háð umhverfismati. Með ákvörðun sem barst 30. apríl 2025 komst Skipulagsstofnun að þeirri niðurstöðu að efnistakan skyldi ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Finna má ýtarlegri upplýsingar um málsmeðferð og málgögn undir máli nr. 368/2025 inn á skipulagsgatt.is. Þar má finna öll opinber skjöl, umsagnir og ákvarðanir sem tengjast málinu.

## 2 Áform um efnistöku

Fyrirhuguð stækkun á efnistökusvæði E31, grjótnámu á Syðra-Langholti, nemur stækkun um 1,5 ha eða úr 0,9 ha í 2,4 ha. Efni úr námunni verður nýtt til vega- og brúargerðar og í rofvarnir í tengslum við uppbyggingu vegna Hvammsvirkjunar.

| Verkþættir                                               | Kennistærðir                 |
|----------------------------------------------------------|------------------------------|
| Efnistaka í Grjótnámu E31                                |                              |
| <i>Stærð efnistökusvæðis skv. gildandi aðalskipulagi</i> | 4,5 ha                       |
| <i>Fyrirhuguð stærð á efnistökusvæði</i>                 | 2,4 ha (nýttir 0,9 ha fyrir) |
| <i>Heimiluð efnistaka skv. gildandi aðalskipulagi</i>    | 45.000 m <sup>3</sup>        |
| <i>Fyrirhuguð viðbótarefnistaka</i>                      | 93.000 m <sup>3</sup>        |
| <i>Fyrirhuguð heildar efnistaka</i>                      | 138.000 m <sup>3</sup>       |

### 2.1 Vinnsla og frágangur

Náman var upprunalega opnuð frá aðstöðuplani við Langholtsás. Rofið var skorið í brekkuna og inn í námuna, sem gerir hana minna sýnilega. Í botninum er aðkomuvegur í námuna, 5-6 m breiður. Notast verður við sama op að námunni við stækkun hennar.

Ofan á stórum hluta svæðisins er 1-1,5 m af mold. Þessu moldarlagi hefur verið safnað saman á jörðum námunnar í manir til þess að fela ásynd námunnar. Við fyrirhugaða stækkun námunnar verður yfirborðsefni safnað saman á sama máta og notað í manir

upp á jöðrum námunnar á meðan hún er unnin. Gert er ráð fyrir að græða manirnar upp svo þær falli betur að landinu og til að hindra fok. Magn yfirborðsefnis er hins vegar það mikið að ekki verður hægt að geyma það allt við jaðar námunnar. Því verður hluti þess einnig nýttur til að jafna lægðir í túnum umhverfis námunna.

Gert er ráð fyrir að hægt verði að mala/harpa efnið á svæðinu áður en það er flutt burt. Einnig er gert ráð fyrir að hluti efnisins sé haugsettur innan svæðisins í einhvern tíma ef það nýtist ekki strax.

Við lokun námunnar verður moldarlaginu ýtt ofan í og notað til að móta og græða upp svæðið svo það líti út til samræmis við landið í kring.

### **3 Staðsetning og staðhættir**

Griójtnáma E31 er á landi Syðra-Langholts 4 (sjá Mynd1). Náman er staðsett á jaðri túns sem liggur fremur hátt í landi en hallar niður að læknum Langholtsósi, um 8-10 metra. Svæðið umhverfis námuna er heldur gróið og er jarðvegsþykkt um 1-1,5 m af stórum hluta svæðisins sem verður nýtt aftur við frágang námunnar.

Aðkoma að svæðinu er um 1 km slóða á landi Birtingaholts sem tengist Auðsholtsvegi. Við efnistökusvæðið er tæplega 1.500 m<sup>2</sup> aðstöðuplan þar sem tæki og flutningsbílar verða staðsett í upphafi framkvæmdar.

Umrædd náma varð fyrir valinu vegna nálægðar hennar við framkvæmdasvæði Búðafossvegjar en náman er aðeins um 15 km frá svæðinu, sem gerir efnistöku og flutning efnis skilvirknan og hagkvæman.

Samkvæmt kortlagningu Náttúrufræðistofnunar Íslands á náttúrufyrirbærum sem njóta sérstakrar verndar eru engar þekktar minjar eru innan svæðisins.



**Mynd 1** Staðháttaort. Nýtt námusvæði táknað með hvítri punktalínu (Mynd: Google Maps).



**Mynd 2** Stækkun á námusvæði táknuð með hvítri punktalínu. Rauð lína táknar staðsetningu gildandi námusvæðis (Mynd: Google Maps).

## 4 Breyting á greinargerð

Eftirfarandi tafla er tekin úr gildandi greinargerð af blaðsíðu 26.

### Efnistökusvæði

| Nr. | Heiti          | Lýsing              | Magn m <sup>3</sup><br>(allt að...) | Stærð m <sup>2</sup><br>(allt að...) | Jörð       |
|-----|----------------|---------------------|-------------------------------------|--------------------------------------|------------|
| E31 | Syðra-Langholt | Grjót- og malarnáma | 45.000                              | 45.000                               | S-Langholt |

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á töflu á blaðsíðu 26 í greinargerð. Magni af leyfðri efnistöku er breytt, úr 45.000 m<sup>3</sup> í 138.000 m<sup>3</sup>.

### Efnistökusvæði

| Nr. | Heiti          | Lýsing              | Magn m <sup>3</sup><br>(allt að...) | Stærð m <sup>2</sup><br>(allt að...) | Jörð       |
|-----|----------------|---------------------|-------------------------------------|--------------------------------------|------------|
| E31 | Syðra-Langholt | Grjót- og malarnáma | 138.000                             | 45.000                               | S-Langholt |

## 5 Stefna og áætlanir

Í gildandi aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem efnistökusvæði og landbúnaðarsvæði og náman skráð sem E13 (sjá mynd 3).

Eftirfarandi **stefna** er mörkuð í aðalskipulagi um efnistöku og efnislosunarsvæði:

- Lögð er áhersla á nægt framboð efnistökusvæða.
- Efnistaka fari að jafnaði ekki fram á svæðum sem hafa sérstakt verndargildi.
- Áhersla verði á góða umgengni á nýtingartíma og góðan frágang.

Eftirfarandi **leiðir** eru settar fram í aðalskipulagi um efnistöku og efnislosunarsvæði:

- Efnistaka/efnislosun er óheimil nema að fyrir liggi framkvæmdaleyfi.
- Landeiganda/umráðamanni er heimil efnistaka til eigin nota úr eigin landi og utan verndarsvæða.
- Við veitingu framkvæmdaleyfis verði sett skilyrði um skipulega nýtingu, góða umgengni og frágang að vinnslu lokinni.
- Ekki verði um efnistöku að ræða á friðlýstum svæðum. Að jafnaði verði ekki um námuvinnslu að ræða á svæðum á náttúruminjasrá eða hverfisverndarsvæðum.
- Þær námur sem eru skilgreindar í aðalskipulagi eru til mismunandi nota og gert ráð fyrir að þær uppfylli fyrirhugaðar þarfir á skipulagstímann.

Eftirfarandi **reglur** gilda um efnistöku og efnislosun samkvæmt aðalskipulagi:

- Jarðefni er auðlind og nýta skal það efni sem best er til framkvæmda fallið.
- Efnistaka og efnislosun sé að jafnaði ekki á verndarsvæðum. Taka skal tillit til jarðmynda og vistkerfa sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.
- Taka skal tillit til þekktra fornminja. Ekki verði unnið nær friðlýstum fornminjum og öðrum merkjum minjum en 100 m og ekki nær öðrum minjum en 20 m.
- Að heildarsvipmót landslagsheilda raskist sem minnst.
- Að takmarka sem mest sýnileika frá fjölförnum stöðum, sérstaklega ef svæðið verður opið í einhvern tíma.
- Að vegalengd frá efnistöku-/efnislosunarsvæði að framkvæmdastað sé innan hóflegra marka.
- Með umsókn um framkvæmdaleyfi skal leggja fram verkáætlun og tímasetta nýtingaráætlun ásamt afstöðumynd og áætlun um frágang að vinnslu lokinni.
- Áætlanir skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og taka mið af þeim verndarákvæðum sem þar eru sett fram, s.s. vegna hverfisverndar, svæða á náttúruminjaskrá, friðlýstra svæða og friðlýstra fornminja.
- Við efnistöku úr árfarvegum skal þess gætt að hafa sem minnst áhrif á lífríki ánnna og valda ekki landbroti. Öll efnistaka nærri ám og vötnum skal unnin í samráði við veiðifélög.
- Góð umgengni um námu á framkvæmdatíma dregur úr sjónrænum áhrifum og hættu á foki.
- Við frágang efnistöku- og efnislosunarsvæða verður leitað til að raskað svæði verði sem líkast aðliggjandi landi varðandi landslag og gróður.
- Gerð er krafa um góða umgengni, skipulögð vinnubrögð og snyrtilegan frágang að lokinni vinnslu.

Í nágrenni við efnistökusvæðið er landbúnaðarland allt í kring. Sunnan við lækinn er svokallaður Ósatangi og er hann einnig að stærstum hluta ræktað landbúnaðarland. Ósatangi er einnig skilgreindur sem hluti hverfisverndar HV11 - Stóra Laxá. Svæðið er mikilvægt fyrir farfugla. Til er samþykkt deiliskipulag fyrir svæðið frá árinu 2021 en unnið er að deiliskipulagsbreytingu samhliða þessari aðalskipulagsbreytingu. Ekkert deiliskipulag er aðliggjandi að svæðinu.

## 6 Umhverfisskýrsla

Metin eru áhrif af stækkun efnistöksvæðis E31 á átta valda umhverfisþætti:

jarðmyndanir, vatnafar, vistgerðir, fuglalíf, landsglag og áskýnd, fornminjar, umferð og mengun. Efnistökusvæðið var valið sökum gæða jarðefna og með tilliti til fjarlægðar við notkunarstað.

Um er að ræða efnistökusvæði sem hefur nú þegar verið raskað og er náman opin í dag og hafa neikvæð áhrif af námurekstrinum að miklu leyti þegar komið fram. Að mestu leyti er rask á landi bundið við landbúnaðarland þar sem afgerandi áhrifa mannlegra athafna gætir nú þegar.

Í ákvæðum gildandi aðalskipulags er kveðið á um um skipulega nýtingu, góða umgengni og frágang að vinnslu lokinni. Taflan hér að neðan sýnir samantekt á mati á áhrifum áætlarinnar á þá umhverfisþætti sem voru til umfjöllunar.

**Tafla 2** Niðurstöður umhverfismats

| UMHVERFISÞÁTTUR          | NIÐURSTÖÐUR                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                            |
|--------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>JARÐMYNDANIR</b>      | Náman er grjót- og malarnáma sem liggur á berggrunni úr eldra grágryti. Efnistaka í námunni mun valda beinum og varanlegum áhrifum á berggrunninn eðli málsins samkvæmt. Hins vegar eru engar sérstæðar jarðmyndanir á svæðinu og svæðið er hvorki friðlýst né á náttúruminjasrá. Metið er svo að áhrif á séu <b>óveruleg</b> .                        |
| <b>VATNAFAR</b>          | Áhrif á vatnafar eru metin <b>óveruleg</b> vegna fjarlægðar frá Stóru-Laxá. Náman er hvorki innan áhrifasvæðis áránnar, hverfisverndarsvæðis hennar (HV11 - Stóra Laxá), né flóðasvæðis.                                                                                                                                                               |
| <b>VISTGERÐIR</b>        | Svæðið einkennist mest megnis af túnum og akurlendi, sem eru ekki verndaðar vistgerðir. Hluti svæðisins inniheldur sérstæða víðikjarrvist sem hefur hátt verndargildi. Stórum hluta hennar hefur nú þegar verið raskað vegna eldri efnistöku og verður vistgerðinni ekki raskað meira með framkvæmdinni. Metið er svo að áhrif verði <b>óveruleg</b> . |
| <b>FUGLALÍF</b>          | Framkvæmdin mun hafa einhver áhrif á fuglalíf í svæðinu, einkum á tegundir sem nýta tún og akurlendi, eins og lóm, himbrima, álft og grágæs. Eftir frágang námunnar mun fuglalíf þó endurheimta bússvæði sitt. Metið er svo að áhrif á fuglalíf verði <b>óveruleg</b> vegna þess að þau hafa einungis áhrif á fáa einstaklinga og eru tímabundin.      |
| <b>LANDSLAG OG ÁSÝND</b> | Náman mun vera grafinn inn í land og sést í dag aðeins að hluta. Stækkun hennar mun ekki auka sýnileika námunnar vegna landlags. Frágangur mun tryggja að svæðið falli að náttúrulegu landslagi. Metið er svo að áhrif verði <b>óveruleg</b> .                                                                                                         |
| <b>FORNMINJAR</b>        | Engar þekktar fornminjar eru innan svæðisins. Komi fornminjar í ljós við framkvæmdina verða þær tilkynntar til Minjastofnunar. Því eru áhrif metin <b>engin</b> .                                                                                                                                                                                      |
| <b>UMFERÐ</b>            | Áhrif á umferð svæðisins eru metin <b>óveruleg</b> , þar sem þau eru mjög staðbundin við 15 km vegkafla og aðeins lítill fjöldi fólks verður fyrir minniháttar áhrifum. Fjöldi daglegra ferða er ekki nægilega mikill til að áhrifin teljist neikvæð. Auk þess eru áhrifin á umferð tímabundin.                                                        |
| <b>MENGUN</b>            | Hljóð- og loftmengun er talin vera innan æskilegra marka. Svífryk getur borist, en vegna fjarlægðar til nærliggjandi byggða eru áhrif þess metin lítil. Áhrif mengunar eru metin <b>óveruleg</b> .                                                                                                                                                     |

## 7 Rökstuðningur

Skipulagsstofnun hefur gefið út gátlista fyrir mat á því hvort breyting á aðalskipulagi geti talist óveruleg. Þar eru settar fram spurningar sem svarað verður hér fyrir neðan.

### 1A: VÍKUR TILLAGAN VERULEGA FRÁ MEGINSTEFNU AÐALSKIPULAGSINS?

Nei, tillagan er í góðu almennu samræmi við stefnu skipulagsins.

### 1B: ER NÝ LANDNOTKUNARSKILGREINING ANNARS EÐLIS EÐA SAMRÆMIST ILLA NÚVERANDI ÁSTANDI EÐA SKILGREINDRI LANDNOTKUN Á SVÆÐINU? TIL DÆMIS ÁFORM UM ATHAFNA- EÐA IÐNAÐARSVÆÐI Á ÓBYGGÐU LANDI.

Nei, svo er ekki.

### 1C: EYKST UMFANG LANDNÝTINGAR VERULEGA UMFRAM ÞAÐ SEM FYRIR ER EÐA FYRIRHUGAÐ SAMKVÆMT SKIPULAGI? TIL DÆMIS ÁFORM UM VERULEGA AUKNINGU Á BYGGINGARMAGNI EÐA STARFSEMI.

Nei, landnýting er innan fyrirhugaðrar stærðar efnistökusvæðisins samkvæmt aðalskipulagi og verða einungis 2,4 ha af 4,5 ha nýttir. Efnistökumagn námunnar eykst um 93.000 m<sup>3</sup> með breytingunni, úr 45.000 m<sup>3</sup> í 138.000 m<sup>3</sup>.

### 1D: NÝTUR SVÆÐIÐ VERNDAR SVO SEM VEGNA NÁTTÚRU- OG/EÐA MENNINGARMINJA?

Nei, engin slík vernd er fyrir hendi.

### 2A: ER STÆKKUN REITS EÐA LANDFRÆÐILEGT UMFANG NÝS LANDNOTKUNARREITS VERULEGT? SEM VIÐMIÐ MÁ ALMENNT LÍTA Á 3 HA SEM VERULEGA BREYTINGU, ÞÓTT ÞAÐ SÉ HÁÐ MATI HVERJU SINNI.

Nei, flatarmál efnisnámsins stækkar um 1,5 ha, sem er þó vel innan marka stærðarviðmiða aðalskipulags fyrir efnistökusvæði E31.

### 2B: FELUR TILLAGAN Í SÉR ÁKVÆÐI UM BYGGINGARMAGN EÐA STARFSEMI SEM HEFUR ÁHRIF Á STÓRT SVÆÐI?

Nei.

### 2C: ER TILLAGAN LÍKLEG TIL AÐ HAFA VERULEG ÁHRIF INNAN OG/EÐA FYRIR UTAN SKIPULAGSSVÆÐIÐ? GETUR TIL DÆMIS VARÐAÐ UMHVERFISÁHRIF SVO SEM AF VÖLDUM LOFTMENGUNAR EÐA AÐ FYRIRHUGUÐ UPPBYGGING HAFI ÁHRIF Á SAMBÆRILEGA LANDNOTKUN/LANDNÝTINGU ANNARSSTAÐAR Í SVEITARFÉLAGINU EÐA BEIN ÁHRIF Á AÐLIGGJANDI SVÆÐI.

Nei, tillagan er ekki talin hafa veruleg áhrif innan eða utan skipulagssvæðisins. Um er að ræða fyrirliggjandi efnistökusvæði sem stækkar aðeins að umfangi, því helst landnotkun á svæðinu óbreytt.

**3A: ER BREYTT LANDNOTKUN EÐA LANDNÝTING SAMKVÆMT TILLÖGUNNI LÍKLEG TIL AÐ HAFNA MIKIL ÁHRIF Á EINSTAKA AÐILA, SVO SEM VEGNA HÁVAÐA, LYKTAR, TITRINGS, RYKS, ÁSÝNDAR EÐA UMFERÐAR?**

Nei, tillagan er ekki talin hafa mikil áhrif á einstaka aðila. Helst má gæta vægra sjónrænna áhrifa af framkvæmdinni, en þau eru að mestu bundin við bæjarstæði Syðra-Langholts, einkum frá syðstu húsum húspyrpingarinnar (í 500 metra fjarlægð frá námunni). Einnig stendur eitt frístundahús í um 350 metra norðvestan við efnistökusvæðinu. Húsið situr neðan við ás í landslaginu sem byrgir sýn að efnistökusvæðinu auk þess sem þéttvaxinn gróður umhverfis húsið takmarkar sjónlínu að svæðinu enn frekar.

Sem mótvægisáðgerð gegn sjónrænum áhrifum mun framkvæmdaraðili reisa manir í kringum námunna. Þær verða mótaðar til að falla að landslaginu og gróðursettar með staðbundnum tegundum til að draga úr sýnileika svæðisins og stuðla að náttúrulegri ásýnd á meðan á rekstri námunnar stendur.

**3B: LEIÐIR BREYTT LANDNOTKUN TIL ÞESS AÐ VERÐMÆTI EÐA HAGNÝTING FASTEIGNAR SKERÐIST UMFRAM ÞAÐ SEM VÆNTA MÁ MIÐAÐ VIÐ ÓBREYTTA LANDNÝTINGU EÐA ÓBREYTT SKIPULAG?**

Nei, þvert á móti. Með breytingunni er leitast við að tryggja uppbyggingu innviða svæðisins.

## **8 Áritun**

Aðalskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur málsmeðferð skv. 2. mgr. 36. Gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn þann \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_  
Sveitarstjóri Hrunamannabyggðar

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_